

Nanna Úlfsdóttir  
14. október 2006

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk  
Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Halla Kristín Einarsdóttir  
Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

DVCAM 235, 236

© Krumma films ehf.

Nafnið hafið þið ekki satt. Nanna Úlfsdóttir og ég hlýði titlinum þjóðfélagsfræðingur.

Ja í hugarheimi mínum þá var Nanna litla afskaplega ljúfur og brosmildur krakki. Nú ekki það að ég muni þetta alveg sjálf en þetta er það sem aðrir hafa sagt mér og maður situr oft uppi með það sem aðrir segja. Hún er fædd austur við Sog á Úlfhljótsvatni í Grafningi og ég segi stundum að það flýr enginn uppruna sinn. Það að vera fæddur við Sogið, eina merkustu eða eina af merkustu bergvatnsám þessa lands, það er dálítið flókið en það eru mikil forréttindi. Því að orkan sem býr í bergvatnsánum, hún er mjög falleg en hún er líka mjög sterk og maður þarf að gæta sín á henni. En maður þarf líka að gæta sín á því að hemja hana ekki um of því að hún ratar nokk sína réttu eða bestu leið fái hún frið til þess. Og þegar ég er komin að orðinu friður þá held ég að ef við hugsum um mannlífið að það megi kannski stundum greina í tvennt. Annars vegar sú hugmynd að maðurinn megi gera hvað sem er hvenær sem er og hins vegar sú hugmynd að maður fái frið til að rækta sína mennsku og þá er ég aftur komin að svona tveim pólum. Þessari spurningu að vera maður og nú kemur mér bara í hug það sem Páll Skúlason, heimspekingur og eitt sinn háskólarektor sagði: Við horfumst í augu við það viðhorf að margir eru að keppast við að vera meiri menn en það er mest um vert að verða meiri maður. Og það er raunverulega það ráðrúm sem að ég held að sé þau mestu mannréttindi og grundvöllur mannréttinda, það er að fá ráðrúm til að verða meira maður.

Já ég tel að ég hafi fengið, sko mínar bernskuminningar eru mjög ljúfar. Kannski hef ég eitthvað falið eða ýtt til hliðar en eins og þar stendur að þó að á bjáti eða eitthvað sé ekki alveg eins og maður vill þá borgar sig ekki að fá neitt æðiskast heldur kannski að kveikja á brosinu og líta til þess sem að betur má fara. Og þar á maður bara mest við sjálfan sig. Því maður verður að trúna að maður geti haft áhrif og maður geti raunverulega stjórnað lífi sínu. Og það séu ekki aðrir bærari til þess að ráða manni heldur en maður sjálfur. Kostar ábyrgð.

Nú ég fer ung að heiman má segja. Ég fór norður í Hrútafjörð á Reykjaskóla þegar ég er þrettán ára eða árið áður en ég fermist og þó ég væri þar langt að heiman þá var það góður staður og frændi minn var þarna skólastjóri og konan hans, já þarna úr nágrenninu, hjá Laugarvatni þannig að maður var í góðum höndum. Það var svona

passað upp á mann. Þess fyrir utan þá voru flestir nemendur eldri en ég og já það var farið vel með mann og ég veit að þetta hefði verið allt öðruvísi ef allir hefðu verið á mínum aldri. Þetta var gott umhverfi og maður var þar ennþá, ýmislegt auðvitað gerðist en það er jafnvel kannski núna sem maður er að heyra ýmsar sögur af því sem gerðist í skólanum. Þarna var á þessu tímabili mikil hreinsun. Það var stór hluti af nemendum sem var rekinn þegar ég var á öðru ári þarna og það komst meira að segja held ég í revíu í Reykjavík. En maður var ennþá ungur og saklaus og vissi lítið af þessu svoleiðis. Þarna kom nokkuð stór hópur úr Reykjavík af unglingum sem, ja, ekki létu nógu vel að stjórn að mati yfirvalda eða þeirra skólayfirvalda og nú þeir bara gerðust baldnir eða héldu áfram að vera baldnir og það var verið að klifra upp á kvennavist og sniffa, já, blettavatn og ég veit ekki. Ég kann varla að nefna þetta, þetta var eitthvað sem maður setti sig aldrei alveg inn í en það endaði samt með því að þarna fór nokkuð stór hópur. En það þýddi líka að á þriðja ári þegar ég er í landsprófi, þá var skólinn fámennari og við töldum okkur auðvitað einvalalið að hafa losnað við þessa ódælu drengi, mest drengi já það var nú það. Og jú árin, það er ekki hægt að kvarta. Líklega hef ég nú pínulítið farið að huga að, já eða ekki líkað allt sem ég sá eða reyndi og ég minnst þess að í sumarleyfi heima austur við Sog á Brúarlandi að það komu einhvern tímann gestir og við sátum og vorum að spjalla við stofuborðið og það var nú siður að við áttum ekkert sérherbergi og við vorum ekkert rekin út eða neitt þó það kæmu gestir og ég tók þátt í þessu spjalli og eitthvað hef ég verið ákveðin í skoðunum því faðir minn lagði svona höndina á höndina á mér og horfði á mig og sagði: Nancy, stelpan mín. Hvað hefur komið fyrir þig? Þú sem hefur alltaf verið svo blíð og góð. Og svona voru kannski ávítur föður míns ef þær voru einhverjar. Svona vísbendingar um að, haltu áfram að vera þú sjálf.

Nei ég held ekki. Því raunverulega í andrúmsloftinu heima var lögð áhersla á þetta að maðurinn, það væru ekki allir nákvæmlega eins og við ættum kannski ekki að, við ættum að gæta okkur á því að falla ekki í einhvern farveg sem væri kannski ja, normatífur eða tilskipun að ofan eða frá yfirvöldum. Og jafnvel þó svo að það gæti stundum verið erfitt að vera aðeins öðruvísi, að fara sínar leiðir, að þá skyldi maður gera það. Og þó Sogið hafi verið virkjað þá fer það sínar leiðir en það hefur ekki mikið spillt út frá sér.

Nú ég var ekki, ég var held ég afskaplega mikið sjálfri mér nóg eins og sagt var. Við erum sjö systkinin. Ég er þriðja í röðinni, á sem sagt tvær eldri systur og það er tæpt ár á milli þeirra. Síðan líða þrjú ár og þá kem ég. Síðan kemur bróðir minn sem er rúmlega ári yngri en ég en ég er svona pínulítið á milli, já, pínulítið sér í þessum systkinahópi og mér sagt til dæmis að þegar að ég var innan við þriggja til fjögurra ára aldur á Úlfjótuvatni þá hafi ég iðulega leikið mér niður við bæjarlækinn þarna við vatnsbakkann og unað mér þar mjög vel þar ein. Ég er nú svo heppin að hafa ekki farið í skóla fyrr en á ellefta ári en ég hafði snemma mjög mikinn áhuga á íþróttum og leikjum og ég til dæmis er bara tíu, ellefu, tólf ára, þá hljóp ég ansi mikið og pabbi útvegaði mér hlaupaklukku eða startklukku. Og maður æfði sig í hástökki bara með því að stinga niður priki og hnýta snúru og já. En ég var ekki böðull, ég var mjög snyrtilæg og ég var ekki agressíf. Hafði sem sagt mikinn áhuga á íþróttum og kannski einhver strákakeimur af því en um það hvort ég væri svona venjuleg stelpa eða ekki það hvarflaði aldrei að mér. Á sjálfsagt snemma, þá varð ég það sem kannski er kallað piltagull. Ég gat ekki kvartað. Þetta er ekki það að ég sé að hæla mér því ég held ekki að það sé neinn gífurlegur kostur að vera umsvermuð af hinu kyninu eins og sagt er. En já alltaf frá því, eitthvað hefur kannski gerst bara heima í sveitinni áður en fór norður á Reyki en það fór ekkert á milli mála að strákarnir urðu ansi hrifnir af mér eða skotnir og jafnvel stelpur í eldri bekkjum, þeim var stundum ekkert um mig gefið. En nú mér fannst þetta bara, sko, kannski kitlaði þetta ákveðna hégómagirnd að vekja athygli og svo framvegis en ég hafði engan, það var ekki mikið svona skotáhrif hjá mér heldur raunverulega langt um frekar að þetta gæfi mér ákveðinn styrk en stundum hef ég auðvitað hugsað eftir á að líklega hafi ég hugsanlega farið illa með einhvern eins og sagt er en undir niðri held ég samt að kynni strákanna við mig hafi kannski jafnvel gert þá að betri mönnum. En þetta er náttúrulega kannski ofurlæti á hæsta máta að segja svona.

Ég veit það ekki en til dæmis þegar ég er komin í kennaraskóla þá töldu víst margir að ég ætti kærasta og hafa margir haldið að ég hafi átt kærasta og þeir hafa kannski líka stundum haldið að við gætum gengið veginn saman. En alla jafna kom ég mér þá undan ef slíkt tal bar á góma að ég hefði ekki áhuga á að binda mig, ég ætlaði mér í frekara nám. Og kannski hefur skólaganga mín verið svona, gæti einhver túlkað eins og ákveðinn flótti en auðvitað neita ég því. Þetta var ekki flótti. Og kannski svona síðasta dæmið. Nei ég get ekki talað um síðasta dæmið því dæmin eru kannski enn þann dag í

dag að næstum því að endurtaka sig. En síðasta dæmið sem ég get tekið er þegar ég er komin á Íþróttakennaraskólann eftir kennaraskólann og jú jú þar varð eitthvað smá skot og þegar sá piltur fór eitthvað að ræða frekari framtíð okkar þá sagði ég að það kæmi ekki til greina því ég ætlaði mér í frekara nám. Ég ætlaði ekki að fara að binda mig, verða kona eins eða neins. Þá hafði það reyndar gerst að án þess að ég hefði kannski áttað mig á því að ég var þá þegar orðin ástfangin af konu. Af einni skólasystur minni og það var gagnkvæmt. Þá sem sagt, án þess þó að ég eða hún hafi hugsað um okkur sem lesbíur. Enda var þá eins og er núna og hefur alltaf verið ekkert tiltökumál að stelpur yrðu vinkonur og jafnvel leigðu saman. Það var ekki málið.

Jú auðvitað. Hommi og homosexual en bara svona dæmi að þegar ég er fréttamaður hjá útvarpinu þá er ennþá sá tími að það mátti ekki segja hommi. Það varð að segja kynvillingur. Ég byrja í fréttamennsku '74 eftir að hafa lokið náminu við háskólann. En þegar þú minnst á þetta að konur og allt það búi saman að nú þegar ég var í þessum kennaraskóla þá var, á horninu á Amtmannsstíg og Þingholtsstræti bjuggu tvær konur saman og já Gunnþórunn og Guðrún og það var ég held að flestir hafi vitað að þetta voru sambýliskonur. Þetta voru ekki bara einhverjar sem leigðu saman en það var ekkert rætt og það var ekkert verið að, báðar voru þær sem einstaklingar mjög virtar. Nú síðan dettur mér í hug í sambandi við þetta að einu sinni var mér sagt, það var Ragnar Mikk sem sagði mér þetta sko, í Hveragerði, það voru oft sögur um vinnukonur. Að karlinn hefði haldið við vinnukonuna. En þetta var ekki alltaf svona. Í Hveragerði þá var vinnukonan búin að vera þar í húsi næstum því frá upphafi hjónabandsins en það var húsfreyjan sem hélt við vinnukonuna. Þannig að lífið er svolítill leikur og leikurinn snýst um að láta ekki ná sér. Það er nú það.

Þessi saga úr Hveragerði reyndar hún er mér sögð ekki fyrir mörgum árum síðan sko en á þessum tíma ef þú ferð 50 ár aftur í tímann þá var talað um ákveðna menn hér í Reykjavík sem að væru hommar. Já og menn sem unnu í bankanum, rakara eða leikara. Svo ég nefni engin nöfn. Ég þarf þess ekki.

Nú tíminn á Laugarvatni. Þarna erum við í heimavist og þannig að þetta er nokkuð náíð sambýli. Ég er þarna, flestir nemendur eru með gagnfræðapróf eða landspróf, já verslunarskólapróf, ég er hins vegar búin með kennaraskólann þannig að aftur er ég

kannski litin hornauga að ég sko líti svo stórt á mig af því ég sé með meiri skólagöngu að baki. Nú síðan bætist það líka við að þarna var stór hluti stelpna sem hafði verið í fimleikum í Ármanni en ég hafði verið í ÍR í fimleikum og það var einhver svona hrepparígur þið vitið á milli þessara féлага án þess að hann væri kannski í brjóstum okkar allra. Og það var kannski svona samkomulag að þessar fjórar stelpur sem komu beint úr Ármanni þær vildu vera saman í herbergi. Það var reyndar hugmyndin, og að það var dregið og þá æxlaðist það þannig að ég lenti með einni af þessum Ármannsstelpum í herbergi en þá vildu þær halda hópinn. Og þessi Ármannsstelpa sem ég hafði dregist með var einmitt Jónína, en engu að síður varð það nú þannig að við hölluðumst mjög að hvorri annari til dæmis í náminu og við lásum svolítið saman og hún gat verið dálítið róleg og sein á morgnana þannig að hópurinn var yfirleitt farinn á undan og hún var ein eftir og mér fannst það nú hálf nóturlegt að skilja hana eftir eina þannig að ég beið oftast eftir henni og við náðum alltaf í réttum tíma upp í skóla. Þetta var ekki, nú eftir skólann þá hérna, ég hafði leigt herbergi hjá afa í Þingholtsstrætinu og það hafði síðan verið leigt á meðan ég var á Íþróttakennaraskólanum þannig að það bara æxlaðist þannig að foreldrar Jónínu hleypa mér inn og móðir hennar hún tók mjög vel á móti mér og það var eiginlega einstakt samband á milli okkar. Ég held nú að sú gamla sem var nú lærð hjúkrunarkona og hafði lært úti í Danmörku og ekki alveg fædd í gær hafi nú svona vitað meira en hún sagði við stelpurnar. Þannig að ég er raunverulega undir verndarvæng, þannig tekst mér að komast inn í heimili eins og uppeldisdóttir og er undir verndarvæng þeirra þangað til síðan, já við útskrifumst úr Íþróttakennaraskólanum '57, nú síðan haustið '62 þá förum við saman út til Englands. Þar fáum við semsagt ráðrúm líka til að vera saman án þess að trufla nokkuð aðra. Þá voru líka breyttar heimilisaðstæður hjá Tryggva og Valgerði þannig að þau fluttu úr Syðra Langholti þar sem þau höfðu búið lengi vel. Við Jónína búum hjá fjölskyldu úti í Englandi sitt í hvoru lagi en svo eftir áramótin þá leigðum við okkur saman og erum þarna í heilt ár að læra ensku og enskar bókmenntir á fínu máli sko. Nú þegar við komum síðan heim um vorið þá vill það þannig til að hjúkrunarkona, þetta var dálítið hjúkrunarkvennaumhverfi, að hún var að festa sér íbúð sem var verið að byggja í Skipholtinu og þar sem við komum heim þá segir hún: Stelpur, það er ein íbúð í blokkinni sem á að leigja og þið takið hana á leigu. Ég veit ekki hvort við litum hver á aðra og hugsuðum: Ok þá getum við haldið áfram að vera saman og ekkert mál. En í þessari blokk þá voru nokkrar fjölskyldur sem þekktust og Jóhanna Kjartansdóttir þessi

frá Hraðastöðum í Mosfellssveit, seinna forstöðumaður fyrir röntgendeild Landspítalans að hún sá til þess arna og þarna bjuggum við í fimm ár þangað til aftur fyrir ákveðna tilviljun utan frá að gömul skólasystir mín úr kennaraskóla kemur til mín og spyr hvort að ég sé ekki tilbúin til að taka þátt í að byggja stigahús uppi í Hraunbæ ásamt fimm kennurum. Það vantaði semsagt sjötta manninn og það varð úr og síðan flyt ég í þessa íbúð og Jónína bara með mér, það var ekkert mál og seinna kaupir hún sér reyndar íbúð uppi í Árbæjarhverfi en sú íbúð var nú, hún bjó ekki lengi í henni. Síðan þegar við fórum í stúdentspróf og háskóla þá var auðvitað sjálfsagt mál að spara pening og búa saman þannig að við bjuggum saman í minni íbúð lengst af. Þannig var þetta nú. Enginn grunaði okkur um græsku held ég enda vorum við alveg, við trufluðum engan. Nema hvað það loddí auðvitað við okkur að við vorum náttúrulega einhleypar skvísur og já já, höfðum svona ýmislegt til brunns að bera þannig að við vorum báðar svolítill sjarmatröll. Og sumum auðvitað eiginkonum, þær voru ekki alltaf vissar um hvar þær hefðu okkur. Eða hvar þær hefðu strákana sína kannski. Ekki satt?

Hér höfum við talað um það að við bjuggum saman. Sem sagt hvernig bjuggum við saman. Við héldum held ég mjög þokkalegt og hlýlegt heimili. Og flestum ef ekki öllum þótti mjög gott oft að koma til okkar. Mágkona mín, ef ég segi sem svo, hún sagðist oft öfunda okkur því ef það kæmu gestir þá gerðum við allt saman. Og samt kannski ákveðin verkaskipting í eldamennsku og eitthvað þvíumlíku að ég kannski var í því að steikja kjötið en Unna gerði desertinn. Og enn þann dag í dag er ég klaufi við deserta. Hún öfundaði okkur mikið að þessu því hún sagði: Minn maður sko, ég geri allt ein. Og þetta var gífurlega glæsileg húsmóðir og vann líka utan heimilis en maðurinn hennar var nú lumskt skemmtilegur og einhvern tímann á seinni búskaparárum þeirra þá voru að koma gestir og hann hafði sett kartöflurnar yfir. Og síðan koma gestirnir að þessu glæsilega matarborði að þá segir Jakob stórkallalegur og skemmtilegur: Eru ekki vel soðnar hjá mér kartöflurnar? Sko, aðeins létt. En við héldum gjarnan já og buðum kannski í mat og nú þá var algengara að það væri boðið í miðdagskaffi eða kvöldkaffi en þessi háttur okkar að bjóða í mat hann helgaðist svona helst kannski af áhrifum frá Valgerði móður Jónínu því hún var meira fyrir það. Kannski dönsk áhrif. Nú síðan var líka að, sko heimilið var að því leyti til afslappað. Það var enginn húsbóndi. Hann truflaði ekki og það voru margir sem að eða dálítið um það að kunningjar okkar og jafnvel nemendur þeir kæmu í heimsókn til okkar kannski til að létta á hjarta sínu, ekki

beint til að sækja ráð en þó kannski, við náttúrulega vorum, höfum lengi starfað við kennslu, umgengist nemendur á öllum aldri alveg frá því að hafa kennt báðar við Ísaksskóla og alveg upp úr. Og já, ég held að ég sé ekki að skrökva neinu þó að ég segi að heimilislífið var frekar afslappað. En við höfðum náttúrulega sitt hvort herbergið og stundum ef það komu gestir óvænt eða einhver kom sem það gat oft gerst þá, það var ekki alltaf hringt á undan, þá voru kannski einhver smá hlaup með sængur. Á milli herbergja. Já já.

Nei við báðar held ég vorum sem sagt, það vel agaðar af þögninni að við ræddum þetta ekki heldur okkar á milli. Og nú kannski er þarna líka í bland, að minnsta kosti ég er ekkert svona opin hvað varðar mín innstu mál og líka að mér finnst líka ekki að það þurfi að vera að ræða hlutina svo mikið þegar þetta er í lagi og manni líður bara vel þá þarf ekki að vera að búa til vandræði úr einhverju sem er ekki alveg eins og maður heldur að það eigi að vera. Nú þegar síðan, nú þetta var nú kannski aðeins hvað eigum við að segja... Kannski liggur þetta sko að við erum pínulítið í feluleik, við ætlum ekki að láta komast upp um okkur. Og ég veit ekkert hvað hefði gerst ef við þegar við komum úr íþróttakennaraskólanum hefðum sagt bara við ætlum að búa saman, við erum bara lesbíur. Ég veit það ekkert. En allavega þá vorum við ekki menn til þess að gera það. Og nú þegar hins vegar að Jónína, hvað kringum 1990, fer til náms til Bandaríkjanna að ljúka master eða að taka masterspróf í sálfræði þá auðvitað gerist það að það úir og grúir af hommum og ég veit ekki hverju í kringum hana og þetta er bara ekkert leyndó. En kannski kom það ekki beint upp hjá okkur að koma samt úr felum en þá kemur líka inn í að þessi fjarvera hún truflaði aðeins okkar tengsl. Og þegar að því kemur að ég er að fara úr felum, ja þá er bara, það raunverulega leiddi til og orsakaðist af raunverulega að ég sveik ef svo má segja. Það var bara sú upplausn í mínu, og ég verð ástfangin af annarri konu þó það hafi aldrei orðið neitt fast samband eða neitt, enda var það gift kona og margra barna móðir. Nú hver hún er, það veit ég ekki. Allavega þá fannst mér eins og að hún hefði nú samt átt kveikjuna að þeim neista sem varð smá eldur hjá mér. Þannig að þegar raunverulega ég fer að koma úr felum og að þá var ég kannski búin að láta reyna svo á þolrifin í Unnu að hún treysti sér ekki til þess við þær aðstæður sem þá voru. Og þannig að þetta var dálítið...



Nei sko. Samtökin, þessi spurning hún er nú kannski, það er skrítíð að ég, auðvitað hafði maður kannski heyrt þetta en þetta var ekkert sem hafði gripið mann því til dæmis á þessum sama tíma '78 þá er ég fréttamaður hjá útvarpinu. Og kannski hef ég skrifað frétt um stofnun Samtakanna því að mig rámar í það að einhvern tímum skrifaði ég einhverja frétt um homma eða lesbíur og þá var það, þetta er um notkun hugtaka, sum eru hættuleg en þá var það tilskipun að þá skyldi notað orðið kynvillingur. Mér finnst reyndar villingur alveg ægilega fallett orð og kynvillingur í reynd það má sjá kómikina við það líka. En í reynd þá vorum við bara í það sterkum félagslegum tengslum og áttum svona marga hópa og fjölskyldu þannig að einhver, það að leita út fyrir, maður bara missti af því þá. Það er mjög, og til dæmis annað líka, þannig að við vorum kannski ekki mikið í því að fara út fyrir það félagslega umhverfi sem við vorum í vegna þess kannski að það truflaði ekki okkur og við leystum þetta líka kannski á ákveðinn máta. Til dæmis vorum við algjörir útilegumenn því að á sumrin þá fórum við í útilegu hverja einustu helgi tvær saman. Og það eitt sumarið það mátti ganga að okkur næstum því upp við Langavatn á Mýrum því þangað fórum við til að veiða. Við sem sagt gerðum dálítið af því að veiða á stöng og það var kannski strákastelpueðlið í okkur, ég veit það ekki en. Við misstum af þessum félagsskap lesbía og homma.

Það má eiginlega segja. Þessi þögn, sko að raska ekki ró annarra eins og samt á stundum ég get verið mikið ólíkindatól og hef stundum raskað ró annarra. Ekki síst eftir að maður las félagsfræði. En feluleikurinn held ég á nokkurn þátt og þögnin, þátt í því að við bara göngum inn í þetta kerfi. Sko það er bara búið að heilapvo okkur, eða við höfum látið heilapvo okkur án þess að vera vitandi vits og þetta er svona kannski dæmi um það að sko hvernig yfirvöld án þess að ég skilgreini það frekar vilja stjórna hegðun fólksins. Og einn kennarinn minn í heimspeki hann sagði einhvern tímum að allt frá því að Babylóníumenn, forfeður Saddams Husseins, hann sagði þetta einmitt þegar Saddam Hussein var ekki lengur guði þóknanlegur eða Bandaríkjamönnum, að þá hafa yfirvöld eða valdhafar alltaf átt sér einn draum, að þegar forfeðurnir uppgötvuðu gang himintunglanna að þá væri hægt að festa hegðun mannanna á sama máta og gangur himintunglanna væri. Og við horfum upp á það enn þann dag í dag, sko dæmin eru svo mörg að ég ætla ekki að byrja að telja þau upp. En já þannig að það að við ræddum þetta ekki er sjálfsagt raunverulega ákveðinn flótti og við sjálfar erum að taka þátt í þessari þögn og við lékum leikinn. Þannig við vorum tjaldaðar af aðeins. En ég segi

stundum og hef oft hugsað það að þegar maður er svona tjaldaður af og ekki beint þátttakandi í þessu normatífa eða dæmigerða lífi eins og á að vera að þá hefur maður gífurleg forréttindi. Og forréttindin eru sú að geta horft og skoðað raunverulega og dregið síðan ályktanir. Og þetta er raunverulega hin eiginlega vísindaleg aðferð. Við hinsvegar kynnumst henni frekar í dag að byrja að draga ályktanir og svo er farið að mæla og rannsaka og uppgötvunin verður auðvitað engin heldur bara staðfesting á villunni. Þannig að maður sér oft alveg ótrúlega, maður hefur mynd af samfélaginu og hegðuninni sem verður kannski gleggri en hjá þeim sem eru alltaf að taka þátt í þessu. Þetta er bara eins og að kaupa sér jeppa sko, sá sem á jeppann veit ekki hvað hann er bjánalegur.

Þegar þú minnst á grimmdina þá er náttúrulega, þá get ég bara vikið eins og við byrjuðum. Að þegar maðurinn er sviptur möguleikanum á að vera hann sjálfur þá er það eiginlega mesta grimmd sem er hægt að hugsa sér að mínu mati. Og það er mjög einfalt líka að kalla fram grimmdina ekki síst með því að niðurlægja aðra menn. Og sá sem hefur verið niðurlægður hann á mjög auðvelt held að beita grimmdinni. Við getum bara tekið eins og hermenn eða jafnvel lögreglumenn. Hluti af þjálfun þeirra er að niðurlægja þá og kveikja hefndarþorstann. Og þegar einhver kannski leyfir sér að brjóta norm samfélagsins en samt á þann máta að það er ekki hægt að hanka hann þá á hann auðvitað á hættu að mæta ákveðinni grimmd frá öðrum. Og ég segi stundum með hommana að ég held að hommar, það að þeir verða oft fyrir aðkasti og jafnvel árásum frá öðrum karlmönnum eigi rætur að rekja til þess að hommarnir taka ekki þátt í kúgun kvenna. Hommarnir storka karlmennskunni. Og karlmenn, minnsta kosti þeir sem gangast undir þessi norm karlmennskunnar eru tilbúnir til að gera allt til að losna við hommana. Jafnvel drepa þá. Og þetta er auðvitað grimmd og þetta er kannski um leið ótti. Ótti við að missa vald sitt. Og líklega snýst þetta dálítið um traust og ótta. Ef það vantar traustið og óttinn ræður för þá sjáum við bara þá verður þetta bara eins og hjá Reagan og Gorbachev. Þeir treystu ekki hvor öðrum. Þeir máluðu skrattann á vegginn en urðu að gera það sjálfir því það var enginn skratti og það erum við alltaf að gera þannig þó það sé ekki allir eins að þá erum við samt ótrúlega lík öll. Það er ákveðið. En málið er kannski, við vitum ekki alveg hvað það er sem er líkt því að það er ekki, þetta snýst ekki alveg um mannlega getu. Það er svo margt sem við getum maðurinn. Ef við færum að gera það allt já þá veit ég ekki hvar einstaklingurinn lenti eða þá bara

samfélagið í heild. Þannig að við þurfum auðvitað að pínulítið að aga okkur og temja en það er held ég heillavænlegra að við fáum að gera það sjálf að við séum ekki alltaf með tilskipanir að ofan. Því við erum ekki himintungl. Cogito ergo sum, sagði Descartes. Ég hugsa þess vegna er ég til. Ég er ekki að segja að allir geti ekki hugsað. Altså, það er að segja dýr það er meira að segja stundum hvarflar að mér að Jökla hugsu. En hún hugsar ekki um möguleika. Það sem er dálítið erfitt við hugsun mannsins eða þennan eiginleika, það er að hann getur hugsað um möguleika. Og sumir eru hræddir við þennan möguleika og þá er mjög einfalt að ganga inn í normin og fara að hugsa eins og þú átt að hugsa. Það er dálítið, það fylgir því mikil ábyrgð að vera maður. En ég held að við verðum að hafa það í huga að þó við höldum sjálf að við séum afskaplega merkileg þá er allt lífið merkilegt og við erum bara hluti af náttúrunni. Við erum engir tröllkall eða einhver kall og svo er bara náttúran annars staðar, nei. Við erum bara lítið brot af náttúrunni og viskan okkar er svo takmörkuð að við vitum ekkert hvað náttúran hugsar, það er að segja aðrir hlutar hennar. Við gefum okkur að hún geti ekki hugsað. Steinarnir tala stendur einhvers staðar, en þeir sem ekki tala geta kannski hugsað samanber þá sem eru heyrnarlausir.

Það er eitt Hrafnhildur sem mér dettur í hug en það er um þessa staðalímynd af lesbíu. Sko já, við skulum snúa okkur að hinu. Nú þegar þú spyrð um þetta þegar ég ákvað að koma úr felum eða reyndar sko, ég bara gat ekki meir. Leikritið var búið að ganga of lengi og það var bara tímabært að ganga fram á sviðið og láta klappa fyrir sér. Það var sko, jú jú, það var, ég sagði fyrst systur minni frá þessu, yngstu sem býr úti í Englandi og það var mjög einfalt og auðvelt og ekkert kom henni á óvart og síðan hóaði ég á systkini mín heim í Álfheima þar sem við Jónína bjuggum og sagði þeim bara frá þessu að ég ætlaði að segja þetta upphátt og það var, jú, jú, held ég ekkert sem þeim kom á óvart en þó sagði nú ein systir mín: Hvað, þarftu eitthvað að vera að þessu? Nú síðan held ég að það hafi dálítið farið fyrir mér eins og flestum alveg óháð hvað þeir eru gamlir þegar þeir gera þetta. Maður fór á ákveðið flipp sko. Og já, ákveðið flipp. Og þá allt í einu stóð ég frammi fyrir, að mér var vel tekið og síðan kemur viðtal við mig í Nýju lífi og það voru ýmsir sem ég hafði ekki heyrt í eða séð lengi eða ekki jafnvel heilsað eða svona sem að viku sér að mér og óskuðu mér til hamingju. Þar á meðal í þeirra hópi voru jafnvel þingmenn sem að höfðu setið á þingi þegar ég vann hjá útvarpinu. Þar sá ég mikið um þingfréttir eða annaðist þær. Nú gamlir skólafélagar og

ég veit ekki hvað og hvað og hvað. Aðrir urðu kannski aðeins undrandi og einn gamall skólalbróðir minn hann hafði sem var með mér á Reykjaskóla hafði samband við mig og hann sagðist bara ekkert trúa þessu að ég væri lesbía og já, lesbíur væru ekki svona. En á heildina, maður er aðeins svona, þó að stofnun Samtakanna '78 hafi farið framhjá mér þá er það þarna líka sem ég leita til þeirra og fékk liðsinni og vel tekið við mér, á móti mér. Og þá hins vegar þá horfðist ég í augu við nýtt fyrirbrigði um það hverjir horfa til manns að þar voru allt í einu ýmsar stúlkur eða konur farnar að líta á mann eins og strákarirnir höfðu gert og það var auðvitað ákveðin nýlunda, ákveðin sem að kannski viðhélt þessu flippi. Síðan er þessi prósess að koma úr felum þá þarftu kannski alltaf að vera að segja þetta en nei það er ekkert svoleiðis. Þetta bara, en ég held samt að, og ég hef fyrr sagt ég væri ólíkindatól og þetta gerist eiginlega á svipuðum tíma og ég er að hætta kennslu við Fóstruskóla Íslands og þau strafslok tengjast nú kannski aðeins því að ég er lesbía og samkennari minn einn var sambýliskona mín, Jónína. Þegar við skildum þá held ég að það hafi orðið sá óróleiki innan skólans að þeir hafi haldið að við gætum ekki lengur kennt saman en nóg um það. Og þegar ég er þarna búin að kveða upp úr og segja að ég sé lesbía að þá er ég líka að hætta við fósturskólann og ég bið þá skólastjóran að segja til þess, sko það blasti við, það er alltaf sagt þegar kennarar eru að hætta og ég bað hann að greina frá því að ég hefði tekið við starfi framkvæmdastjóra Samtakanna '78 þarna við skólaslitaræðuna þegar hún tilkynnti þetta. Og hún sagði: Já. Á ég að segja það? Já takk, sagði ég og sem sagt yfir 600-700 manna sal í Háskólabíói eða hvað þetta var að þá tilkynnti hún þetta og þá sögðu ýmsir við mig: Þú ert dálítið köld. Þú ert ólíkindatól. Og já, já.

Ég var nú reyndar búin að víkja að því sem þú segir, þú getur ekki verið lesbía.

Ef þú ert að spyrja hvort ég hafi fengið mórál þá er svarið nei. Ég hef engan mórál. Ég skammast mín ekki fyrir neitt en síðan veit ég ekki alveg hvort ég er búin á flippinu. Nei þetta veit maður aldrei eða ekki ég.

Núna síðustu daga hefur verið dálítið algengt að heyra sjálfalda ráðamenn tala um að fortíðin sé bara búin, það eigi ekki að minnast á hana eða það eigi aldrei að líta í bakspegilinn. Ég horfi óttalaus bæði fram og aftur. En eins og þar stendur, nei ég sé ekki eftir neinu. Kannski get ég hugsað sem svo að ég hefði gjarnan viljað lifa í það

umburðarlyndu og frjálsu samfélagi, frjálsu með ábyrgð, að maðurinn væri ekki njörvaður niður í að vera eins og aðrir vilja að hann sé í einhverri staðalmynd en nú um þetta er eiginlega ekkert að fást en um mínar gjörðir og hugsanir er að segja nei, ég er gjörsamlega samviskulaus.

Ég held að þetta sé kannski, þetta sé ekki djúp breyting heldur langt um frekar yfirborðskennd. Og eins og kannski tískusveifla. Því það er kannski spurning um eða merki um ákveðið vantraust hjá mér að ég veit ekki hversu heilt þetta svokallaða bætt viðhorf er í dag. Og ég get svona tekið sem dæmi, að ég veit að í minni fjölskyldu og í kringum mig, þá vissi ég og veit um lesbíur sem voru eldri en ég. Einhverra hluta vegna þá veit ég um mjög fáar sem eru mikið yngri en ég eða ungar. Ég spyr: Hvar eru þær? Ég veit þær eru til. En kannski eru þær ennþá í felum einhverra hluta vegna. Þrátt fyrir allt og þrátt fyrir að ég komi úr felum. Þær eru ekki horfnar það er það eina sem ég veit.

Já, það getur eflaust alltaf gerst að það sveiflist í hina áttina en það sem ég sé kannski að er að gerast og ég er kannski ekkert mjög hreykin af því því það að vera lesbía er ekki bara eitthvað um það vera skotin í stelpum eða hvað annað. Þetta er pínulítið öðruvísi, þetta er aðeins meira og ég held að lesbíur og hommar þurfi að vara sig á einu. Það er að ganga ekki inn í þetta normatífa mynstur sem einkennir þá sem hafa farið inn í heteromynstrið. Því að ef að lesbíur eða hommar vilja fara að vera með nákvæmlega sama fjölskyldulíf eins og þetta útherjafjölskyldulíf, eignast börn og buru og allt þetta þá spyr ég: Hvert eruð þið að fara? Ég meina hafiði ekki þrek til að horfast í augu við það að það er til lífsmáti sem er annar en í þessum tilbúna vestræna heimi. Og hér get ég til dæmis komið því að að í sambúð minni þá kom það upp að ég eignaðist barn. Það er að segja sambýliskona mín hún nefndi þetta við mig og sagði að ég yrði ekki í neinum vandræðum með að finna föður og geta valið úr jafnvel ágæta aría. En þetta er nokkuð sem ég hef aldrei getað hugsað mér því að það er til líf án þess að maður sé beint sjálfur að framlengja líf sitt með afkomanda og ég var líka ekki viss um að ég hefði það þrek eða styrk að geta við gjörólíkar aðstæður. Alið upp eða sem sagt skapað barni mínu það umhverfi að því ég var ekkert viss um að það væri nógu sterkt til að takast á við það að standa iðulega einn.

Sko ég held að Samtökin '78 eigi auðvitað fullkominn rétt á sér. Það er bara í þennan félagslega þátt sem að, þetta maður er manns gaman og þetta er ekki, þannig að það liggur ekki vafi á því. Hitt er annað mál að þegar ég kom þarna þó að það hafi verið mér, já það bara kom sér vel fyrir mig að geta leitað þarna í hús, að þá get ég ekki neitað því að mér fannst þetta dálítið eins og lokaður frímúraraklúbbur þegar ég kom þangað. Og það var nú ýmislegt sem ég reyndar gerði þegar ég var þarna um nokkurra mánaða skeið framkvæmdastjóri að ég áttaði mig ekki á því að þetta ætti að vera svona mikið leyndó. Og ég var kannski, átti bara þá einu hugsun að samtökin kæmu úr felum alveg eins og ég. Og það tel ég reyndar að hafi gerst núna undanfarin ár og sýnir sig bara að það er held ég sko rétt leið. Frímúrarar eru ágætir en þetta er auðvitað hálfgerð neðanjarðarhreyfing. En ég held það sé mjög mikilvægt að samtökin séu sem sagt sýnileg.

Nú þegar ég kem þarna til starfa þá er Margrét Pála formaður samtakanna og ég held að margir hafi haldið að það væru mjög sterk tengsl á milli okkar því hún var náttúrulega fyrrverandi nemandi minn en það var nú ekki. Nú Margrét Pálu hún var mjög góður námsmaður og en hún var held ég nokkur herforingi líka þannig að henni lætur eins og mjög mörgum sem velja sér stjórnunarstörf, henni lætur mjög vel að vinna með þeim sem eru á sama máli og hún. Samstarf okkar var svona áfallalaust en ég held að það hafi samt raunverulega komið nokkuð fljótt fram og við hefðum báðar átt að vita það að hún, ég rekst frekar illa í hóp og það, mér láta ekki tilskipanir. Nú þessu lauk nú reyndar þannig að starf mitt var auglýst eins og þar stendur. Þá skildi maður kannski áður en skall í tönnum en þá sagði Margrét Pála við mig að það væri auglýst en það væri ekkert að mínu starfi að finna. Ég hef nú ekkert reyndar verið að reyna að leita að þeirri nál sem var kannski í heystakknunum. Ég veit það ekki. Þannig að ég sótti náttúrulega ekki um starfið aftur þegar það var auglýst.

Sko þegar umræðan um alnæmi kemur þá er ég reyndar ekki, ég var hvorki komin úr felum eða neitt annað. Og þegar hún var tengd við homma þá var ég auðvitað ekki sá hvolpur að ég tryði slíkri fullyrðingu þó að það hafi oft verið sungið. Af því að ég gat ekki fundið neinar forsendur fyrir þeirri röksemdafærslu. Því ég spyr bara hvað gera hommar til dæmis í kynlífi sem aðrir karlmenn gera ekki? Ég einfaldlega spyr. Nú skal hver svara fyrir sig og hann má gera það í laumi. Þannig að þetta frekar tengdist bara

gáleysi í kynlífi og, já, skorti á aðgæslu. Nú enda hefur það komið á daginn að þetta var ekkert bundið við homma. En ég held að, þarna kemur líka í kjölfarið þessi smokkanotkun. Það var kannski álfka yfirborðskennt finnst mér af því að það þurfti kannski að fara aðeins dýpra í málið það er að segja, bara að gæta að sér, að hoppa ekki upp í eða hoppa á hvern sem fyrir manni yrði. En gagnvart þessum sjúkdómi, ég veit að ýmsir þeir flúðu land það er ekki það en ég held að það hafi samt ekki verið, ótrúlega fljótlega tekist að eyða erfiðustu fordómum hvað þetta varðaði og heilbrigðisyfirvöld hér þá tel ég að þau hafi tekið þokkalega á þessum málum og sinnt þeim sem hafa fengið þennan sjúkdóm. Nú ég hef auðvitað kynnst nokkrum sem eru með alnæmi og ég hef hvorki verið hrædd við að gefa þeim klemm eða smella á kinn eða eitthvað þvíumlíkt, ég óttast ekkert að sitja til borðs með þeim. Þannig að en auðvitað eru þeir ekki horfnir, það má alltaf finna þá einhvers staðar en ég held að þetta hafi leystst alveg sæmilega vel.

Sko eins og hefur komið fram þá verð ég sem sagt fyrst ástfangin af konu þarna rúmlega tvítug og það er bara eins og við manninn mælt við bara smellum saman og höldum saman og svona hægt og bítandi af varfærni þá stöndum við þannig að málum að, já leiðir okkar geta legið saman. En allt er þetta sem sagt í felum og í þögninni og þannig að það getur hver maður gert sér í hugarlund hvert þrek maður þarf að hafa til að leyna sínum fegurstu og dýpstu og sterkustu tilfinningum án þess að mega nokkurn tímann raunverulega láta það í ljósi. Nú þessi þögn og þetta raunverulega þrúgandi umhverfi sem samt er einhvers staðar þó að maður hafi ekki mikið kvartað, að það að mínu viti leiðir til þess að það koma þeir brestir í okkar samband að við skiljum. Og ég held að til dæmis ef að við hefðum lifað í opnu samfélagi og getað leyft okkur að sýna ást okkar útávið því að við þekkjum þessar helgistundir opinberu sem pör geta haft sem bakhjarl að þá hefðum við kannski aldrei skilið. Jafnvel þó svo að það hefðu komið smá brestir, það koma brestir í öll sambönd, og við hefðum ekki skilið heldur, og líka vegna þess að þegar þessir brestir koma þá kemur enginn, sko móðir Jónínu sem var nú okkar kannski bakhjarl sterkasti hún er dáið og það kemur enginn og segir svona: Heyrðu elsku stelpur mínar, hvað eruð þið núna að gera? Nú skuluð þið bara settla málin. Þannig að sú firring sem þarna skall á okkur, okkur tókst ekki að leysa hana og við fengum ekkert liðsinni til þess því að sumir hugsuðu kannski: Ja það gat enginn búist við því að þær yrðu saman til æviloka, bababababamm.

Þetta eru sem sagt 40 ár sko. Og það að ég kem úr felum þetta tengist þessu að ég get ekki, tengist líka því þessum brestum sem koma í okkar samband. Og þá er það að við komum báðar úr felum. En þá er ég kannski búin að ganga svo nærri Jónínu í því að hafa brugðist henni að hún treystir mér ekki lengur. Held ég en auðvitað ræddum við þetta ekki frekar. En þetta var svona dálítið áttakaslít þó svo að eftir að þau hafa orðið þá höfðum við agætt, við höfðum alltaf samband og alveg til hennar æviloka.

*Hrafnhildur: Er hún látin?*

Já, já, hún dó árið 2001. Hún verður bara veik þarna fljótlega eftir að hún kemur frá Bandaríkjunum. Þá fær hún sem sagt krabbamein eða er greind með það, ég þori nú ekki alveg að segja hvort það er '97 eða þar um bil sko. Og deyr held ég í janúar 2001 eða 2000, nú bara verð ég að viðurkenna að ég man það ekki. Og hún tók að sér karlmann og reyndar viku áður en hún dó þá giftist hún honum þannig að hann erfði allar hennar eignir og tekur eftirlaun eftir hana. Og það getur síðan hver og einn reynt að skýra hvers vegna hún gerði það.

*Hrafnhildur: Það er svolítið sárt.*

En eins og með veikindi hennar, ég man ekki hvort hún var bara um eitthvað rúmlega þrítugt, innan við 35 ára þegar hún veikist og líklega 30, 35, ég man ekki alveg hvenær það var, rúmlega þrítug bara þá er tekið úr henni legið. Og nú seinna fimm eða sex eða átta árum seinna þá eru teknir eggjastokkarnir og upp úr þessu, í hennar veikindum þá náttúrulega var mamma hennar mikill bakhjarl og síðan ég. Hún var til dæmis ein af þeim, það gréru illa skurðir og hún, já, það fór kannski að grafa í þeim og skurður opnaðist og það sem ég man eftir með það var held ég seinna skiptið sem hún var skorin að þá opnaðist skurðurinn og það þurfti bara að þrifa það daglega og svona og við höfðum eitthvað ráðgert að fara í útilegu í ferðalag um landið en þrátt fyrir þetta þá sem sagt fórum við. Og bara í tjaldinu þá var haft með sér sterílt vatn og grisja og skurðurinn hreinsaður og reynt að láta það ekki raska lífi okkar eða áætlunum. No problemo eins og maður segir. Þá var hún samt aldrei greind með neitt illkynja eða þannig og ég vil auðvitað segja það undir niðri að þegar hún var að hugsa um að fara til Bandaríkjanna



Þá var ég aðeins smeyk því ég var ekki viss um að hún væri alveg nógu sterk að öllu leyti til þess að fara ein í svona erfitt nám og, já, hún hugsanlega gæti veikst aftur. Fljótlega eftir að hún kom heim sko, hún hafði lengi fundið herna í brjóstinu og svo endaði nú með því stuttu eftir að hún kom heim að, hvort sem það var eitt ár eða tvö, ég man það ekki, í kringum þetta tímabil að ég er að koma úr felum að þetta er skorið. Og þá kom í ljós að þetta var ekkert hvorki illkynja né annað heldur var þetta svokallaður tvíburabróðir, eitthvað svona sem þeir þekktu ekki. En þetta hafði svona auðvitað ákveðin áhrif og það er alltaf betra heilt en vel gróið og nú síðan bara fór krabbinn smámsaman að búa eitthvað um sig og eftir já tvö, þrjú mjög erfið ár, samt vann hún með þessu, þá sem sagt var hann kominn um allt eins og sagt var og já.

Það var ekki sko, ég held að það hafi ekkert verið að hugsa neitt þannig. Þetta hefur aftur verið spurningin að vera maður sjálfur sko. En fyrirmyndir nei, nei en auðvitað hins vegar á móti þá auðvitað var það alveg á hreinu að maður var ekki með neina trú að lesbíur væru einhverjar konur sem voru ósjálegar og feitar og durgslegar, karlmenn vildu ekki líta á þær því að undir niðri þá hafði maður til að mynda hugmynd um það að Marlene Dietrich hefði verið lesbía. Greta Garbo líka. En að minnsta kosti ég hugsaði aldrei neitt svoleiðis um fyrirmyndir en ég held hins vegar að, sko, það er bara einhvern veginn þannig með þá sem að skera sig úr fjöldanum. Þeir hafa eitthvað og margir hommar og lesbíur þeir hafa líka eitthvað sem aðrir hafa ekki og hvað nú ætla ég bara að halda mig við lesbíurnar að ég held að sé einhver kona eins dæmigerð kona með öllum sínum sjarma og öllum sínum þokka sem kvenmaður hefur í ímyndinni þá er hún lesbía. Þær eru ofurkonur að öllu leyti. Og það kemst engin heterokona í hálfkvisti við þær. Svo hafa þær eina dyggð. Þessa dyggð sem er svo eftirsóknarverð af karlmönnum. Þær eru hreinar meyjur. Það hefur enginn strákur spillt þeim.

Sko Hrafnhildur mín, ég bara heyrði aldrei neitt.

*Hrafnhildur: Sódómi, kyn-...*

Já bíddu við. Hafi ég eitthvað heyrt af svona orðum þá var það svona einhvers staðar í fjarska á Reykjaskóla. En það auðvitað báru flestir það mikla virðingu fyrir þessari stelpu þarna austan úr Sogi að þeir töluðu auðvitað aldrei svona við hana, aldrei. En

Það var auðvitað þetta að vera sódó. Nú bíddu við hvað var meira? Það var sódó, Jú einhvern tímann í sveitinni þá var einhver kallaður held ég Hjálmar Tuddi það var af því hann átti að hafa farið í fjós eða hesthús eða eitthvað og gamnað sér við skepnurnar, bamm bamm bíddu nú við, hvað var nú meira?

*Hrafnhildur: Var það eitthvað [heyri ekki] hjá honum?*

Já já. Ja altsá ekki eins og karlmennskan sagði til um hún er öðruvísi sko. Nei hann fór nefnilega á beljurnar. En bíddu nú við það var eitthvað meira en sódó það var...

*Hrafnhildur: Ef það er eitthvað sem að ekki kemur þá bara...*

Nei það er voða lítið sem kemur, jú og tvítóla eitthvað. Ég held að það hafi ekki mikið verið talað um, þetta er nú orðið sem ég man eftir að hafa eitthvað heyrt þarna í...

Ég held að, ég hef grun um að þetta hafi verið ekki óskrifuð lög, andskotinn hafi það. Ég held það hafi bara verið án þess að ég viti það, að sem sagt í útvarpinu þá voru bara ákveðin orð bönnuð. Kannski var það óskrifað. Ef þetta hefði komið hefði bara verið strikað yfir þetta þegar fréttirn voru lesnar yfir og lagað íslenskt málfar.